

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Dagsetning: 01.06.2018
Málsnúmer: SRN17080080
Bréfalykill:

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024 - svar frá ráðuneytinu og afstaða til umsagna

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur, með erindi dags. 31. maí sl., óskað eftir upplýsingum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um fjármögnun þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024. Jafnframt hefur verið óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til einstakra umsagna sem bárust Alþingi.

1. Fjármögnun aðgerða á byggðaáætlun

Tillagan felur í sér alls 54 aðgerðir. Þar af 30 aðgerðir sem áætlað er fjármagn af byggðalið (10.701.1.10). Samtals eru áætlaðir rúmlega 3,5 milljarðar á tímabilinu til þessarar 30 aðgerða.

Fyrir liggur að kostnaður við aðgerðirnar 54 verður umtalsvert meiri en það fjármagn sem kemur af byggðalið. Með því að samþætta byggðaáætlun við aðrar opinberar áætlanir verður hægt að fjármagna aðgerðir, ýmist af fjárheimild viðkomandi málaflokks eingöngu eða með samfjármögnun málaflokksins og byggðaliðar.

Fjármögnun aðgerðatillagnanna er þrenns konar:

- Að fullu af fjárheimild byggðaliðar (dæmi C.2 Brothætt byggðalög).
- Samfjármögnun af byggðalið og fjárheimildum viðkomandi málaflokks (dæmi A.1 Ísland ljóstengt).
- Að fullu af fjárheimild viðkomandi málaflokks (dæmi B.3 Stuðningur við smávirkjanir).

Þá eru nokkrar aðgerðir þar sem ekki er gert ráð fyrir verulegum kostnaði (dæmi B.7 Störf án staðsetningar).

Í öllum tilfellum hefur verið haft samráð við ábyrgðaraðila um framsetningu aðgerða. Í mörgum tilvikum hefur þegar verið gert ráð fyrir fjármunum til aðgerða í fjármálaáætlun.

Heildarkostnaður liggur ekki fyrir og mun ráðast af kostnaðarmati og fjárheimildum fjárlaga hverju sinni.

Þegar vilji Alþingis liggur fyrir verður það forgangsverkefni verkefnisstjóra byggðaáætlunar að:

- Tryggja að unnar verði verk- og kostnaðaráætlanir fyrir hverja aðgerð.
- Tryggja að gert sé ráð fyrir fjármagni í fjármálaáætlunum fyrir hverja aðgerð.
- Framkvæma hverja aðgerð í viðtæku samráði eftir því sem við á.

Fjárlagaliðurinn byggðamál gefur einn og sér ekki rétta mynd af framlögum til byggðamála. Þar sem byggðamál þvera nánast öll málefna svið ríkisins er viðfangsefni nýrrar byggðaáætlunar ekki síst að draga fram byggðaáherslur og sjónarmið í hinum ýmsu málefnaflokkum sem verja með beinum eða óbeinum hætti miklum fjármunum í byggðastefnu. Má þar nefna framlög til samgöngumála og fjarskipta, heilbrigðisþjónustu og menntamála.

2. Umsagnir til Alþingis

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur farið yfir þær umsagnir sem Alþingi bárust vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024. Ráðuneytið fagnar umsögnunum sem það telur almennt góðar og gagnlegar og nýtast muni við framkvæmd byggðaáætlunar.

Hér á eftir eru nokkur atriði sem ráðuneytið tekur sérstaklega undir.

Frá Landvernd

Landvernd leggur til nýtt orðalag framtíðarsýnar. Í stað: "Landið allt verði í blómlegri byggð þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með jöfnu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu." (undirstrikanir eru Landverndar) komi: „Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með góðu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum.“

Ráðuneytið tekur undir að gera má breytingar á orðalaginu, en leggur áherslu á að inntak framtíðarsýninnar breytist ekki. Eftirfarandi er tillaga að breytingu:

Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu.

Frá Samorku

Vegna uppbyggingar innviða fyrir nýtingu endurnýjanlegra orku telur Samorka eðlilegt að samtökin séu nefnd sem dæmi um samstarfsaðila aðgerðar *A.15 Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum* .

Ráðuneytið tekur undir það.

Frá Skógræktinni

Skógræktin leggur til að hún verði tekin með sem dæmi um samstarfsaðila í aðgerðum B.9, B.17 og C.9.

Ráðuneytið tekur undir með Skógræktinni varðandi aðgerðir B.17 og C.9, en ekki í aðgerð B.9.

Frá Öryrkjabandalaginu

Öryrkjabandalagið BÍ leggur til að bandalagið sé samstarfsaðili að þónokkrum aðgerðum.

Ráðuneytið tekur undir að með ÖBÍ varðandi aðgerð A.19.

3. Loftlagsmál

Á fundum starfsmanna ráðuneytisins með umhverfis- og samgöngunefnd hefur verið spurt út í tengsl byggðaaætlunar við aðlögun og aðgerðir Íslands í tengslum við loftlagsbreytingar. Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga kemur að nokkru leyti inn á loftlagsmál. Er það í fyrsta skipti sem byggðaaætlun kemur inn á þann málaflokk.

Helst ber að tiltaka að mikil tækifæri felast í áherslu m. undir markmiði C. Sjálfbær þróun byggða um land allt. Þar segir:

Sveitarfélög á hverju svæði sóknaráætlana verði hvött til samstarfs um gerð svæðis-skipulags til að marka sameiginlega stefnu um málefni sem varða sameiginlega hags-muni innan landshlutans. Sveitarfélögin eru jafnframt hvött til að skilgreina megin-kjarna í hverjum landshluta og vinnusóknar- og þjónustusvæði þeirra. **Í stefnumörkun fyrir eða innan landshluta verði fjallað um loftslagsbreytingar, möguleg áhrif þeirra, aðlögun og mótvægisáðgerðir, t.d. í svæðisskipulagi, þar sem m.a. verði horft til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda tengdri atvinnugreinum í héraði og breyttrar land-notkunar, svo sem með endurheimt votlendis eða annarra vistkerfa og bindingu í jarðvegi og gróðri eða með aðgerðum til vitundarvakningar meðal íbúa og gesta (bls. 3-4).**

Þá eru loftlagsbreytingar taldar upp sem helstu viðfangsefni byggðaaætlunar (bls. 1), auk þess sem líta má á aðgerð *A.10 Almennings-samgöngur um land allt* og aðgerð *A.15 Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum* sem aðgerðir í loftslagsmálum.